

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 835/2016 um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi.

1. gr.

H-liður 2. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Hunda í dreifbýli skal skrá og skulu eigendur þeirra greiða skráningargjald fyrir hvern hund. Að öðru leyti sætir hundahald í dreifbýli að öllu jöfnu ekki takmörkunum. Hundaeigendum í dreifbýli er skylt að láta hreinsa hunda sína, á eigin kostnað, einu sinni á ári. Hundaeiganda er skylt að geta staðfest, hvenær sem er, að hundur hans hafi verið hreinsaður á undanförunum 12 mánuðum. Eigandi er ábyrgur fyrir hverju tjóni sem hundur hans kann að valda.

2. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Reykhólahrepps staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. nóvember 2017.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.